KÁRSNES SKÓLI

**Kennsluáætlun 10. bekkur**

| **Fagheiti: Íslenska** | | | | **Kennari: Jóhanna Páls** | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Tímabil** | **<u>Hæfniviðmið</u>**<br>**Við lok 10. bekkjar getur nemandi** | **Námsþættir** | **Námsefni/ kennslugögn** | **Leiðir** | **Viðfangsefni** | **Matsviðmið/ Námsmat** |
| **24. ágúst – 23. sept.** | • lesið almenna texta af öryggi og með góðum skilningi, lagt mat á þá og túlkað<br>• greint og skilið aðalatriði og aukaatriði í margs konar texta og glöggvað sig á tengslum efnisatriða<br>• beitt skipulegum vinnubrögðum við ritun, skipað efnisatriðum í röklegt samhengi og mótað málsgreinar og efnisgreinar<br>• tekið virkan þátt í samvinnu, samræðum og rökræðum, tjáð skoðanir sínar, rökstutt þær<br>• hlustað, tekið eftir og nýtt sér upplýsingar í töluðu máli til fróðleiks og skemmtunar, einnig notið myndefnis, upplestrar, og gert grein fyrir skoðun sinni á viðkomandi efni<br>• tjáð hugmyndir sínar og skoðanir og fært rök fyrir þeim í rituðu máli, samið texta frá eigin brjósti og er óhræddur við | Lestur<br><br>Hlustun<br><br>Bókmenntir<br><br>Ritun<br><br>Stafsetning<br><br>Málnotkun<br><br>Orðasöfn<br><br>Upplýsingaleit<br><br>Málfræði | Frjálslestrarbók<br><br>Mínútulestur – Ljósrituð hefti frá kennurum<br><br>Logar texta- og verkefnabók<br>1. kafli *Að lesa, skilja og skrifa*<br><br>Malid.is<br>Snara.is<br>Bin.arnastofnun.is<br>Nyyrdi.arnastofnun.is<br><br>Logar texta- og verkefnabók 2. kafli *Mennta bækur*<br><br>Spjaldtölva og námsvefir | Næðislestur í kennslustundum og heimalestur<br><br>Þjálfun í hraðlestri í kennslustundum<br><br>Kennari les með nemendum og leiðir umræður<br><br>Nemendur vinna með orðasöfn og rafrænar orðabækur á netinu<br><br>Fjölbreytt viðfangsefni bæði samvinnuverkefni og hópverkefni | Yndislestur og orðaforði<br><br>Lestrartextar og skráningarhefti frá kennara<br><br>Textarnir *Hjálp, Snákaolía, Undur* og *Nafnlaus*<br>Lestur, umræður og verkefni úr bókinni<br><br>Einstaklings- og hópverkefni<br><br>Einstaklingsverkefni | Bókaskýrsla úr frjálslestrarbók<br><br>Lesfimipróf MMS<br><br>Matsverkefni í möppur úr verkefnunum á bls. 8-16 í Logum<br><br>Orðasafnsverkefni metið |
| **26. sept. –** | | Lestur | Frjálslestrarbók | Næðislestur í kennslustundum og heimalestur | Yndislestur og orðaforði | Bókaskýrsla úr frjálslestrarbók |

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **29. okt.** | að beita ríkulegu tungutaki í skapandi ritun<br>• beitt nokkuð vel algengum reglum um réttritun<br>• beitt nokkrum grunnhugtökum í bókmenntafræði, svo sem minni, fléttu, sjónarhorni og sögusviði og kannast við myndmál, algengustu tákn og stílbrögð,<br>• notið myndefnis, upplestrar, leikins efnis og tónlistar og gert grein fyrir skoðun sinni á viðkomandi efni<br>• lesið, túlkað, metið og fjallað um fjölbreyttar íslenskar og erlendar bókmenntir og gert sér grein fyrir gildi bókmennta<br>• leitað og aflað sér heimilda úr ýmsum gagnabrunnum og lagt mat á gildi og trúverðugleika ritaðs margmiðlunarefnis og tekið gagnrýna afstöðu til þess<br>• gengið frá texta, vísað til heimilda og skráð þær<br>• valið viðeigandi heimildir, vísað til þeirra og sett í heimildaskrá svo sem reglur kveða á um<br>• samið texta frá eigin brjósti og er óhræddur við að beita | Hlustun<br><br>Bókmenntir<br><br>Ritun<br><br>Stafsetning<br><br>Málnotkun<br><br>Lífsleikni | Logar texta- og verkefnabók 2. kafli *Mennta bækur*<br><br>Spjaldtölva<br><br>Skrímslið kemur – skáldsaga | Kennari les með nemendum smásöguna *Dundi* og leggur inn bókmenntahugtök, leiðir umræður um samskipti, einelti og fleira sem tengist efni sögunnar<br><br>Kennari les með nemendum og heimalestur | Bókmenntahugtök: flétta, ris, lausn, sögumaður, frásagnaraðferð, persónulýsingar, umhverfi og sögusvið, minni, tími og umhverfi, stílbrögð, hugblær o.fl.<br><br>Umræður, orðaforðaverkefni og krossglíma<br>Stafsetningarverkefni | Stórt lokaverkefni – *Dundi- bókmenntagreining* af bls. 39 í bókinni<br><br>Veggspjöld og ritunarverkefni metin til einkunnar<br><br>Verkefni metið |
| **30. okt. – 20. des.** | | Lestur<br><br>Hlustun<br><br>Bókmenntir<br><br>Heimildaritun<br><br>Lesskilningur<br><br>Málnotkun | Skrímslið kemur – skáldsaga<br><br>Kvikmyndin A Monster Calls<br><br>Útbrot verkefnabók<br><br>Logar texta- og verkefnabók 3. kafli *Mennta bækur* | Kennari les og heimalestur<br><br>Nemendur horfa á kvikmyndina A Monster Calls<br><br>Lesskilningsverkefni<br><br>Textar á marga vegu. Umræður og verkefni Hópverkefni með myndasögur | Umræður - lífsleikni<br><br>Heimildaritgerð Umsagnir um bók og mynd skoðaðar og ræddar<br><br>Verkefni úr bókinni<br><br>Myndasögurnar, sjónarhorn, samtöl, skilaboð, hlutstæð og óhlutstæð orð o.s.frv. | Heimildaritgerð metin til einkunnar<br><br>Verkefnum skilað á Classroom<br><br>Verkefni metin til einkunnar |

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | ríkulegu tungutaki í skapandi ritun<br>• áttað sig á staðbundnum, starfstengdum og aldurstengdum tilbrigðum í orðaforða og málnotkun<br>• þekkir til helstu framburðar-mállýskna | Mállýskur<br>Framsögn | Logar 5. kafli, bls. 79-81<br>Málvísir bls. 44-45<br>Gullvör bls. 93-94 | Hópverkefni – nemendur kynna sér mállýskueinkenni og staðbundinn framburð á Íslandi<br>Undirbúa kynningu og æfa framsögn | Einkenni einstakra svæða<br>Framsögn og kynningar fyrir bekkjarfélaga með dæmum um svæðisbundin framburð | Veggspjöld og framsögn metið til einkunnar |
| **4. jan. – 22. feb.** | *Áfram unnið með fyrri hæfniviðmið auk:*<br>• tekið virkan þátt í samvinnu, samræðum og rökræðum, tjáð skoðanir sínar, rökstutt þær<br>• lesið, túlkað, metið og fjallað um fjölbreyttar íslenskar og erlendar bókmenntir og gert sér grein fyrir gildi bókmennta | Lestur<br><br>Hlustun<br><br>Bókmenntir<br><br>Ritun | Íslendingasaga – Gísla saga Súrssonar í styttri útgáfu<br><br>Kvikmyndin Útlaginn<br><br>Logar texta- og verkefnabók 4. kafli *Eigi skal höggva eða þannig sko* | Kennari les með nemendum<br><br>Umræður um einkenni Íslendingasagna, menningararf, siðferði, samfélagsgerð, stílbrögð og sannleiksgildi sagnanna | Einstaklings og tvenndarverkefni<br><br>Nemendur horfa á Útlagann - umræður<br><br>Hópverkefni og fleiri valverkefni sem nemendur velja að vinna með úr sögunni | Krossapróf úr Gísla sögu kaflar: 1-20<br><br>Einstaklingsritun í kennslustund<br>Greining sögunnar og fleyg orð |
| **27. feb. – 10. mars** | *Áfram unnið með fyrrnefnd hæfniviðmið auk:*<br>• gert sér grein fyrir eðli góðrar framsagnar og framburðar og nýtt leiðbeiningar um framsögn, svo sem um áherslu, tónfall, hrynjandi og fas og lagað það að viðtakanda og samskiptamiðli á fjölbreyttan hátt, m.a. með leikrænni tjáningu,<br>• notað fleyg orð, algeng orðtök, málshætti og föst orðasambönd til að auka | Lestur<br><br>Hlustun<br><br>Bókmenntir<br><br>Framsögn<br><br>Ritun | Logar texta- og verkefnabók 4. kafli *Eigi skal höggva eða þannig sko*<br><br>Logar 7. kafli - bókmenntastefnur | Bls. 54-61, verkefni bls. 60 og 61<br><br>Fleyg orð úr Gísla og verkefni bls. 61 í Logum<br><br>Kennari les með nemendum um helstu einkenni hvers tímabils | Að hafa gaman af<br><br>Nemendur útbúa glærukynningu | Hópverkefni<br>Lokaverkefni úr Gísla sögu - fjörverkefni<br><br>Einstaklingsverkefni – kynningar með einkennum og dæmum |

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | orðaforða og málskilning og gerir sér grein fyrir þýðingu bókmenntalestrar í því samhengi. | | | | | |
| **13. mars – 31. mars** | *Áfram unnið með fyrrnefnd hæfniviðmið auk:*<br>• notið myndefnis, upplestrar, leikins efnis og tónlistar og gert grein fyrir skoðun sinni á viðkomandi efni<br>• valið og skrifað mismunandi textagerðir með orðaforða og málsniði sem hæfir hverju sinni | Hlustun<br><br>Áhorf<br><br>Ritun | Kvikmyndin Berdreymi | Nemendur horfa á kvikmyndina í tveimur kennslustundum.<br>Umræður<br>Hvernig er kvikmynda-gagnrýni í fjölmiðlum? Hvað er IMDb? og fleira skoðað | Umræður, efnisöflun á netinu um myndina<br><br>Einstaklingsvinna - kvikmyndagagnrýni | Kvikmyndagagnrýni og umfjöllun myndina skilað á skriflegu formi á Classroom |
| **11. apríl – 24. maí** | *Áfram unnið með fyrrnefnd hæfniviðmið auk:*<br>• lesið almenna texta af öryggi og með góðum skilningi, lagt mat á þá og túlkað<br>• beitt helstu málfræði-hugtökum í umræðu um notkun málsins og þróun þess<br>• gert sér grein fyrir mikilvægi þess að rækta orðaforðann og nýtt reglur um orðmyndun og einingar orða við ritun<br>• áttað sig á beygingarlegum og merkingarlegum einkennum orðflokka og gert sér grein fyrir hlutverki þeirra í eigin texta og annarra<br>• gert sér grein fyrir mikilvægi góðrar færni í máli, ábyrgð sinni | Lestur<br><br>Lesskilningur<br><br>Málnotkun<br><br>Málfræði<br><br>Stafsetning<br><br>Bragfræði | Lesskilningsverkefni frá kennara<br><br>Upprifjunarhefti í málfræði og málnotkun<br><br>Kennslubókin Gullvör<br><br>Stafsetningartextar<br><br>Ljósrit um myndmál ljóða<br><br>Ljóð og lagatextar úr ýmsum áttum | Þjálfun í lesskilningi í kennslustundum<br><br>Upprifjun og innlögn frá kennara<br><br>Verkefnablöð og upprifjunarhefti unnið í tímum<br><br>Þjálfunartextar frá kennara<br><br>Lög og lagatextar skoðaðir<br>Myndmál í ljóðum – ljósrit frá kennara | Einstaklingsvinna<br><br>Einstaklings og tvenndarvinna<br><br>Einstaklingsvinna í kennslustundum<br><br>Hópverkefni | Lesskilningspróf í kennslustund í byrjun maí<br><br>Próf úr málfræði og málnotkun 26. apríl.<br><br>Stafsetningarpróf í kennslustund um miðjan maí<br><br>Skapandi hópverkefni endar með kynningu í lok maí |

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | við að bæta mál sitt og getur nýtt þekkingu sína á íslenskri málfræði við nám í erlendum tungumálum<br>• notað algeng hugtök í bragfræði í umfjöllun um bundið mál og óbundið<br>• lesið og túlkað ljóð af ýmsum toga og frá ýmsum tímum | | | | | |
| | **UT hæfniviðmið:**<br>**Upplýsingaöflun og úrvinnsla**<br>*• nýtt hugbúnað/forrit og önnur gögn við upplýsingaleit*<br>*• nýtt margvísleg rafræn gögn til stuðnings, s.s. ítarefni, fjölmiðla, orðabækur, orðasöfn, leiðréttingaforrit*<br>*• unnið með heimildir, virt siðferð í heimildavinnu og sett fram heimildaskrá samkvæmt viðurkenndum aðferðum*<br>*• nýtt hugbúnað og forrit við uppsetningu ritgerða og ritsmíða samkvæmt viðmiðum um uppsetningu og frágang*<br>**Tækni og búnaður**<br>nýtt hugbúnað/forrit við:<br>*• flókna framsetningu ritunarverkefna*<br>*• myndvinnslu*<br>*• hljóð- og tónvinnslu* | | | | | |

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | • *gerð stuttmynda og myndbanda* | | | | | |

| | |
|---|---|
| **Námsefni:**<br>• Logar les- og verkefnabók<br>• Gísla saga Súrssonar – stytt útgáfa og kvikmyndin Útlaginn<br>• Æfingahefti í hraðlestri – ljósrit<br>• Útbrot - lesskilningsverkefni<br>• Málið í mark – málfræðivefur<br>• Gullvör – kennslubók í málfræði fyrir unglingastig<br>• Stafsetningar- og málfræðitextar frá kennara<br>• Skrímslið kemur – skáldsaga e. Patrick Ness<br>• Heimir – handbók um heimildaritun<br>• Ýmis vefsvæði s.s. https://malid.is/, https://bin.arnastofnun.is/, https://ordanet.arnastofnun.is/,<br>**Kennsla/tímafjöldi:**<br>3x60 mín. á viku | **Námsmat á önninni:**<br>• Einstaklings- og hópverkefni í bókmenntum<br>• Lestrarpróf<br>• Einstaklingsverkefni með rafrænar orðabækur og orðasöfn<br>• Lesskilningsverkefni<br>• Verkefni í stafsetningu<br>• Verkefni í málfræði, textagreiningu o.fl. úr Logar – kennslubók<br>• Heimildaritgerð<br>• Krossapróf úr Gísla sögu Súrssonar<br>• Fjörverkefni / valverkefni úr Gísla sögu Súrssonar<br>• Kvikmyndagagnrýni - ritunarverkefni<br>• Lesskilningspróf<br>• Próf úr málfræði og málnotkun<br>• Hópverkefni úr bragfræði – myndmál ljóða og lagatexta |

***Vinsamlegast athugið: Kennsluáætlun þessi er unnin út frá Skólanámskrá Kársnesskóla og er sett fram með fyrirvara um breytingar.***

Jóhanna Pálsdóttir